118 að þeir aðilar, er leyfanna leita, hafi rétt til þess samkvæmt tilgreindu ákvæði. Eigi
9. sept. verður félagi veitt leyfi til vínveitinga á árshátíð nema einu sinni hvert ár. Lögreglustjórarnir skulu ganga úr skugga um, að þau sérstöku tilefni til samkvæmishalds, sem tilgreind eru í leyfisbeiðni, séu fyrir hendi. Beiðnir um leyfi samkvæmt þessari grein, skulu vera skriflegar, svo og leyfi, sem veitt eru. Skal þar getið tilefnis leyfisins og hvar og hvenær samkvæmið sé haldið. Samrit leyfa skulu jafnóðum send dómsmálaráðuneytinu.

15. gr.

Engum er heimilt að auglýsa áfengi eða einstakar áfengistegundir.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt viðeigandi ákvæðum áfengislaganna, nema þyngri refsingu varði samkvæmt öðrum lögum.

17. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi felld reglugerð nr. 126 7. ágúst 1945.

*Dómsmálaráðuneytið, 9. september 1954.*

**Bjarni Benediktsson.**

*Baldur Möller.*

119
14. sept.

# ARÐSKRÁ

**fyrir Veiðifélag Hrútafjarðarár og Síkár í Hrútafirði.**

**Vegna Hrútafjarðarár:**

| Bæjanöfn: | Arður: |
|---|---|
| 1. Brandagil | 4.8 % |
| 2. Staður | 21.7 — |
| 3. Hrútatunga | 10.6 — |
| 4. Óspaksstaðir | 23.6 — |
| 5. Gilhagi | 11.8 — |
| 6. Grænumýrartunga | 9.8 — |
| 7. Landssíminn | 8.7 — |
| 8. Melar | 6.0 — |
| 9. Fjarðarhorn | 3.0 — |

**Vegna Síkár:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrútatunga | 50 % |
| 2. Bálkastaðir | 33 — |
| 3. Foss | 17 — |

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 14. september 1954.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*